



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Húmor sem skjöldur

Athugun á femínísku viðhorfi Auðar Haralds

Ritgerð til BA-prófs í íslensku

Kolbrún Hulda Pétursdóttir

September 2014

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslenska

Húmor sem skjöldur

Athugun á femínísku viðhorfi Auðar Haralds

Ritgerð til BA-prófs í íslensku

Kolbrún Hulda Pétursdóttir

Kt.: 090390-3179

Leiðbeinandi: Dagný Kristjánsdóttir

September 2014

Ágrip

Auður Haralds hefur gefið út fjórar skáldsögur þar sem jafnrétti kynjanna og samskipti eru á dagskrá. Aðeins tvær þessara bóka eru til skoðunar hér; *Hlustið þér á Mozart?* og *Ung, há, feig og ljóshærð*. Í báðum bókunum gegna ástarsögur mikilvægu hlutverki og því verður femínískt viðhorf í bókunum greint samhliða kenningum um ástarsögur. Taka skal fram að greining á femínískum viðhorfum sem birtast í bókunum tveimur tengjast ekki Auði sjálfri í dag heldur er átt við viðhorf söguhöfundarins og þeirrar sviðsetningar sem Auður valdi sér í viðtölum fyrir rúmlega þrjátíu árum. Helstu bækurnar sem stuðst er við í ritgerðinni eru *Reading the romance* eftir Janice A. Radway, *Loving with a vengeance* eftir Töniu Modleski og *Dangerous men and adventurous women* sem ritstýrt var af Jayne Ann Krentz.

Auður Haralds gefur mynd af sér sem mjög opinni manneskju sem er óhrædd við að tjá skoðanir sínar þegar skoðuð eru viðtöl við hana í tilefni af fyrstu bók hennar. En þegar kafað er dýpra í þessa sviðsetningu kemur í ljós undirliggjandi óöruggi og misræmi. Auður notar mikið íróníu í bókum sínum sem gerir þær skemmtilegar aflestrar en stundum vinnur grínið gegn verkunum. Svo virðist sem Auður sé bara að gera grín að ástarsögum í *Hlustið þér á Mozart?* og *Ung, há, feig og ljóshærð* en sú er ekki raunin. Hún deilir þar á misrétti milli kynjanna en ef til vill átta sig ekki allir á þeim skilaboðum vegna íróníunnar og kemur það glögg í ljós í viðtökum bókanna. Segja má að húmorinn sé notaður sem skjöldur þannig að lesendur og gagnrýnendur áttuðu sig ekki á raunverulegu skilaboðum hennar. Það getur enginn gagnrýnt verkin eða komið höggi á höfundinn því að hann er alltaf að grínast. Þessi aðferð getur margfaldað merkingu verks eða einfaldað það og hér verður skoðað hvort á sér stað í verkunum sem eru til umræðu.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Inngangur	5
1. Kvenrithöfundar á áttunda áratugnum	7
2. Fyrstu bækur Auðar Haralds	9
3. Ástarsöguformúlan.....	11
4. Femínískt viðhorf Auðar Haralds	15
4.1 Greining á <i>Hlustið þér á Mozart?</i>	15
4.1.1 Viðtökur	20
4.2 Niðurrif ástarsagnaformúlunnar í <i>Ung, há, feig og ljóshærð</i>	22
4.2.1 Viðtökur	26
5. Hvarf kvenrithöfunda á níunda áratugnum	28
Lokaorð	30
Heimildir	31
Vefheimildir:.....	33

Inngangur

Ástarsögur hafa lengi verið vinsæl bókmenntagrein. Stærsti ástarsagnaútgefandi heims, Harlequin Enterprises í Kanada, gefur út rúmlega 100 nýjar bækur í hverjum mánuði. Þó svo að bækurnar virðist eiga dygga aðdáendur, einna helst konur, þá eru þær umdeildar. Mörgum finnst þær vera formúlukenndar bækur sem lítið er varið í. Einnig finnst mörgum þær vera gamaldags þar sem samband kven- og karlhetjunnar er oft á tíðum byggt á gömlum gildum. Bækurnar eru þannig í andstöðu við viðhorf femínísta sem berjast gegn úreltum kynjahlutverkum og vilja jafnrétti milli kynjanna.

Rithöfundurinn Auður Haralds hefur skrifað fjórar skáldsögur þar sem viðhorf til jafnréttis skipar ákveðinn sess. Einnig hefur hún verið óhrædd við að segja skoðanir sínar á ýmsum málefnum í fjölmiðlum, meðal annars um jafnrétti.¹ Við fyrstu sýn virðist Auður vera hispsurslaus í skoðunum sínum en þegar kafað er dýpra í bækur hennar kemur ýmislegt áhugavert í ljós. Í eftirfarandi ritgerð verður gerð athugun á femínískum viðhorfum Auðar út frá tveimur bókum hennar, *Hlustið þér á Mozart?(1982)* og *Ung, há, feig og ljóshærð (1987)*. Í báðum bókunum leika ástarsögur mikilvægt hlutverk og því verður femínískt viðhorf Auðar greint samhliða kenningum um ástarsögur. Ég vil taka það skýrt fram að þegar talað er um „Auði“ eða „Auði Haralds“ í þessari ritgerð er ekki vísað til hins raunverulega höfundar í dag, eða persónu af holdi og blóði ef út í það er farið, heldur til „söguhöfundar“ í bókunum og þeirrar sviðsetningar sem raunverulegur höfundur valdi sér í viðtölum fyrir meira en þrjátíu árum og mótast af þeim tíma og þeirri orðræðu sem þá ríkti.

Þar sem ekki er til mikið af íslenskum formúluástarsögum byggir ritgerðin á fjöldaframleiddum ástarsögum og gagnrýni á þær frá Bandaríkjunum og Kanada. Helstu fræðibækurnar sem stuðst er við eru *Reading the romance* eftir Janice A. Radway, *Loving with a vengeance* eftir Töniu Modleski og *Dangerous men and adventurous women* sem var ritstýrt af Jayne Ann Krentz. Í bók Radway, sem byggir á rannsókn hennar á lesendum ástarsagna, kemur að fram að konur á aldrinum 24 til 49 ára eru stærsti kúnnahópurinn.

¹ Sjá viðtal við Auði: Hver var skurðlæknirinn?, *Dagblaðið*, 13. febrúar 1981 http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=228609&pageId=3100111&lang=is&q=Au%25F0ur%20Haralds%20Au%25F0ur%20Haralds (séð 23. janúar 2014)

Uppbygging ritgerðarinnar er eftirfarandi. Í 1. kafla er fjallað um kvenrithöfunda á áttunda áratugnum og baráttu þeirra fyrir auknu jafnrétti. Í 2. kafla er sagt frá fyrstu bókum Auðar Haralds og viðtökunum sem þær fengu. Í 3. kafla er vikið að hinni hefðbundnu ástarsagnaformúlu og jákvæðum eða neikvæðum áhrifum hennar á lesendur. 4. kafli fjallar um femínísk viðhorf Auðar Haralds eins og þau birtast í bókum hennar *Hlustið þér á Mozart?* og *Ung, há, feig og ljóshærð*. Farið verður yfir greiningu á bókunum og viðtökum þeirra meðal gagnrýnenda. Kafli 5 fjallar svo um „hvarf“ kvenrithöfunda á níunda áratugnum. Að lokum er farið yfir niðurstöður ritgerðar á femínísku viðhorfi Auðar Haralds.

1. Kvenrithöfundar á áttunda áratugnum

Krafan um jafnrétti milli kynjanna leiddi til baráttu sem á sér langa sögu. Um aldamótin 1900 börðust konur fyrir kosningarétti og auknum umsvifum kvenna í stjórnmalum. Fullu jafnrétti var þó ekki náð með kosningaréttinum og héldu því konur áfram að berjast fyrir jafnrétti (og gera enn í dag). Á áttunda áratugnum varð nýja kvennahreyfingin til en hún lagði áherslu á að konur ættu að koma sinni persónulegu reynslu á framfæri. Hugmyndir kvenna um sjálfsmynd sína og líkama urðu að pólitískri umræðu og einkalífið að pólitísku vopni. Áhersla var lögð á að konur kæmu opinberlega fram þannig að raddir þeirra heyrðust (Langås, Larsson og Richard, 1997, bls. 151). Hreyfingar kvenna voru stofnaðar víðs vegar um heiminn og meðal annars á Norðurlöndunum. Kvenrithöfundar á Norðurlöndunum skrifuðu bækur um sína eigin reynslu, svokallaðar „játningabækur“, þar sem ekki átti að víkja frá hinum persónulega sannleika. Þessar bækur, sem lýstu reynsluheimi höfundanna, voru til þess fallnar að hvetja konur til að tala um það sem áður hafði verið tabú eins og til dæmis kynferði kvenna og vilja kvenna til að brjóta upp hefðir samfélagsins (Malmberg, 1997, bls. 173).

Á Íslandi voru einnig miklar sviptingar og vildi fólk sjá róttækar breytingar hvort sem það var í efnahagslífi eða á félagslegum og menningarlegum sviðum (Jón Yngvi Jóhannsson, 2006, bls. 535). Bókmenntir seinni hluta áttunda áratugarins fjölluðu einkum um samfélagið á raunsæjan hátt. Nýraunsæið náði verulegu flugi árið 1977 á Íslandi samkvæmt Jóni Yngva Jóhannssyni (Jón Yngvi Jóhannsson, 2006, bls. 545) en eitt einkenni nýraunsæisins var að bókmenntir voru baráttutæki á hinu pólitíska sviði. Bækur áttu að lýsa raunverulegu ástandi samfélagsins, lífi kvenna og ekkert átti að fela. Í raun má skipta rithöfundum nýraunsæisins í tvo hópa. Annar hópurinn skrifaði raunsæissögur þar sem reynt var að sýna stóru línurnar í samfélaginu í heild sinni en hinn hópurinn skrifaði bækur sem fjölluðu um einkalífið, sérstaklega einkalíf kvenna og raunir þeirra. Þær bækur, sem vörðuðu einkalíf kvenna, sýndu ekki heildræna lýsingu á samfélaginu enda var það ekki markmiðið. Bækurnar voru vitnisburður en ekki greining á samfélaginu. Á þessum tíma var lögð áhersla á tjáningarfrelsi, frelsi í ástarmálum og fólk vildi ekki þurfa að uppfylla ákveðnar skyldur sem helgaðar voru gömlum og úreltum venjum. Rauðsokkahreyfingin átti stóran þátt í þessari hugarfarsbreytingu en félagar innan hreyfingarinnar voru virkir í pólitískum skrifum. Femínistar nýttu sér ljóðagerð, skáldskap og auk þess baráttusöngva til að fylla konur baráttuanda (Jón

Yngvi Jóhannsson, 2006, bls. 536–546). Þeir lögðu áherslu á að vitundarvakning yrði hjá konum svo þær færu að hugsa um raunverulegu stöðu sína í samfélaginu, innan heimilisins sem utan (Helga Kress, 1977, bls. 32).

Kvenrithöfundar höfðu vissulega mikil áhrif á Íslandi enda vissu þeir betur en karlar hverjar raunir kvenna voru. Það er því athyglisvert að karlmaður vakti einna mesta athygli fyrir skrif sín um kúgun kvenna. Það var Guðlaugur Arason með bók sinni *Eldhúsmellur* sem kom út árið 1978 (Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir, 2003, bls. 48). Aðrir höfundar stigu einnig á sjónarsviðið og fjölluðu um sömu málefni en nú frá sjónarhóli kvennanna sjálfra. Sem dæmi má nefna Ásu Sólveigu Guðmundsdóttur, Magneu J. Matthíasdóttur og Auði Haralds. Það leið þó ekki á löngu þar til nýraunsæið leið undir lok. Árið 1983 kom fram hörð gagnrýni á nýraunsæið sem endurspeglaði breytta tíma og bækur sem komu út eftir það voru í öðrum stíl. Nokkir þeirra höfunda sem höfðu notið vinsælda á tíma nýraunsæisins skrifuðu minna á níunda áratugnum, sumar konur hurfu eiginlega alveg af sjónarsviðinu eins og til dæmis Ása Sólveig, Norma Samúelsdóttir, Magnea Matthíasdóttir (Jón Yngvi Jóhannsson, 2006, bls. 582) og Auður Haralds en að nánar verður vikið að því í kafla 5.

2. Fyrstu bækur Auðar Haralds

Fyrstu tvær bækur Auðar Haralds komu út í lok áttunda áratugarins og eru eins og áður sagði, í anda nýraunsæis í þeim skilningi að þar er fjallað feimnislaust um líf og daglega baráttu lágstéttarkvenna. *Hvunnudagshetjan – Þrjár öruggar aðferðir til að eignast óskilgetin börn* kom út árið 1979 og fékk verðskuldaða athygli. Bókin fjallar um líf einstæðrar þriggja barna móður, Auðar. Sterk líkindi voru með aðalpersónunni og Auði sjálfri og var hún ekkert feimin við að undirstrika það sjálf.² Aðalpersóna bókarinnar segir frá bernsku sinni og sambandi sínu við fjölskyldu sína en bókin fjallar að mestu um hana á fullorðinsárum og samband hennar við hitt kynið. Alla sína ævi syndir aðalpersónan á móti straumnum þar sem hún vill ekki verða að hinni ströngu móður en fullkomnu húsmóður eins og móðir hennar. Á fullorðinsárum lifir hún mun frjálsslegra lífi en því stranga lífi sem hún ólst upp við. Hún eignast þrjú börn með þremur körlum en samband hennar við einn þeirra er langt og strembið. Hann er drykkjumaður og beitir hana miklu ofbeldi. Í lok bókarinnar stendur hún ein eftir með þrjú börn. Bókin lýsir oft á tíðum mjög alvarlegu og ógeðfelli heimilisofbeldi og erfiðri baráttu konu við kerfið. Samt sem áður er bókin mjög myndin enda er stíll Auðar uppfullur af íróníu, frumlegum myndhverfingum og sviðsetningum.

Hvunnudagshetjan er mikilvæg bók enda er hún mjög opinská lýsing á sigrum og ósigrum konu í sínum samtíma. Bókin opnaði umræðu um heimilisofbeldi, kúgun kvenna og rétt kvenna til frjáls kynlífs. Auður notar bókmenntatextann til að breyta þolendastöðu sinni í gerendastöðu. Hún tekur völd og yfirráð yfir sinni eigin sögu en við vitum að sjálfsögðu ekki hvernig hún var í raun og veru því að bókin lýtur lögmálum skáldskaparins. Það skín vel í gegnum söguna að Auður telur að hún sé öðruvísi en flestar aðrar konur. Í raun talar hún ekki jákvætt um neinar konur í bókinni. Hún berst fyrir rétti sínum sem kona en stendur ekki með öðrum konum enda deila þær ekki sömu hugsjónum og hún. Sögumaður gerir grín að þeim konum sem hrósa honum fyrir dugnað sinn en honum finnst samt sem áður gaman að heyra hvað hann sé sérstakur: „Næstu daga eykst mér vitund um sérstöðu mína. Nágrannakelling á níræðisaldri nær mér í sundinu og lýsir fjálglega hvað ég sé dugleg, alltaf eru börnin mín í hreinum og heilum fötum (Auður Haralds, 1979, bls. 237).“

² Sjá viðtal við Auði: Helgarviðtalið, *Þjóðviljinn*, 28. október 1979
http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=222691&pageId=2868999&lang=is&q=Au%C3%B0ur%20Haralds (séð 24. janúar 2014)

Eins og áður sagði þá var bókinni vel tekið og hún fékk mikla athygli. Meðal annars var sagt að Auður væri með reynslusögu af nýju meiði, bókin væri mjög áhugaverð og að Auður væri ágætlega fær rithöfundur („Óvenjuleg reynslusaga“, 1979). Helga Kress sagði að bókin væri eitt það hugrakkasta og beinskeyttasta sem hún hefði lesið og að langt væri síðan hún hefði lesið einlægari og áhrifameiri bók (Helga Kress, 1979). Dagný Kristjánsdóttir útnefndi bókina sem bók ársins (Jón Yngvi Jóhannsson, 2006, bls. 554).

Næsta bók Auðar *Læknamafían* kom út ári seinna, 1980. Hún gerði ekki jafnmikla lukku og *Hvunndagshetjan*. Sama aðalpersónan er í bókunum, eins konar „staðgengill“ Auðar sjálfar. Í *Læknamafíunni* fjallar aðalpersónan um samskipti sín við læknastréttina. Hún lýsir því hvernig læknar taka ekki mark á veikindum hennar. Það er í raun ekki fyrr en hún getur ekki sinnt börnunum sínum sem eitthvað er gert í málunum. Að lokum kemur svo í ljós að grisja hafði verið skilin eftir í líkama hennar fyrir slysi eftir gallsteinaaðgerð. Auður sagði í viðtali að bókin væri andmæli við andlegri meðferð sjúklinga. Hún fordæmir tillitsleysið gagnvart sjúklingum og tekur fram að læknar taki frekar mark á körlum en konum þar sem þær séu stimplaðar móðursjúkar („Sannsöguleg, en lagfærð“, 1980).

Í einum ritdómi segir að titill bókarinnar sé villandi þar sem lesendur búist við afhjúpanði frásögn af spillingu í læknastréttinni. En annars sé bókin fróðleg þó að Auður mætti stundum slaka á og halda aftur af sér í írónískum lýsingum (Jón Viðar Jónsson, 1980). Aðrir ritdómar voru neikvæðari eins og til dæmis dómur Illuga Jökulssonar. Hann sendi frá sér gagnrýni þrátt fyrir að hafa ekki lesið um það bil þriðjung bókarinnar! Honum fannst hún svo leiðinleg að hann gat ekki hugsað sér að ljúka við hana, að eigin sögn. Hann setur út á hómor Auðar og finnst hún rembast við að skrifa fyndinn texta sem heppnist engan veginn (Illugi Jökulsson, 1980). Á þessu sést að Auður fékk ekki góða dóma fyrir *Læknamafíuna* en hún hafði sjálf verið á undan öllum gagnrýnendum að dæma bókina. Framan á bókarkápunni stendur „Lítill pen bók eftir Auði Haralds“. Hér vísar hún til þeirra niðrandi ummæla sem kvenrithöfundar fengu á þessum tíma. Þeir fengu klapp á bakið en því fylgdi alltaf vottur af lítilsvirðingu (Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir, 2003, bls. 45). Í næstu bókum Auðar sneri hún sér að öðrum sögupersónum og öðru umhverfi þar sem ástarsögur fengu að vera í forgrunni.

3. Ástarsöguformúlan

Fjölðaframléiddar ástarsögur hafa lengi vel verið vinsælar og undir lok aldarinnar voru þær um það bil 40% af öllum fjölðaframléiddum bókum í kiljuformi í Bandaríkjunum (Williamson, 1992, bls. 125). Ástarsögur höfða til stórs hóps lesenda enda hefur auglýsingaherferð stærsta ástarsöguframléiðandans, Harlequin Enterprises, verið af öðrum toga en gengur og gerist. Á áttunda áratugnum byrjaði framléiðandinn að selja bækurnar í matvörubúðum, sem hafði ekki verið gert áður, og lét meira að segja kafla úr ástarsögum fylgja þvottaefnispakkningum (Radway, 1991, bls. 40). Þetta gerði framléiðandinn til að ná til sem flestra kvenna en það voru þær sem lásu ástarsögur en ekki karlar (Radway, 1991, bls. 45). Þrátt fyrir gífurlegar vinsældir bókanna sæta þær gjarnan gagnrýni og telja margir þær vera vægt klám (e. soft-core porn) (Radway, 1991, bls. 104). Bækurnar þykja ekki merkileg lesning og eru lesendur þeirra gjarnan álitnir ómenntaðir (Krentz, 1992, bls. 1) sem gerir bækurnar ekki eftirsóknarverðari. Bækurnar eru einnig gagnrýndar fyrir að vera keimlíkar. Lesendur og höfundar ástarsagna eru þó ekki alltaf sammála þessari staðhæfingu eins og til dæmis rithöfundurinn Jayne Ann Krentz. Hún segir að það sé ekki ákveðin formúla sem rithöfundar fylgi því að hver og einn verði að byggja á eigin fantasíu. Höfundurinn vonar svo að það séu lesendur einhvers staðar sem líki vel við útkomuna. Krentz segir að það séu mikil mistök að setja allar bækurnar undir sama hatt (Krentz, 1992, bls. 4).

Það er erfitt að taka undir skoðun Krentz eftir að hafa rýnt í ástarsögur og skrif annarra um ástarsöguformið. Kristin Ramsdell segir í bók sinni *Romance Fiction: a guide to the genre* að það séu fjögur atriði sem geri bækur að ástarsögum. Bækurnar verða að snúast um ástarsamband aðalpersónanna, þær verða að enda vel, kvenhetjan verður að höfða sterkt til lesenda og annað sem kemur fram í sögunum eins og svik eða dauðsfall er alltaf í aukahlutverki (Ramsdell, 2012, bls. 4–5). Janice A. Radway rannsakaði lesendur ástarsagna á áttunda áratugnum. Konunum sem tóku þátt í rannsókninni fannst ástarsögur þurfa að snúast aðallega um konur og einnig að þær gætu tengt sig við kvenhetjuna. Þær vildu upplifa tilfinningar hennar með henni. Þær vildu ekki flokka bækur sem ástarsögur ef þær uppfylltu ekki þessa kröfu (Radway, 1991, bls. 64). Samkvæmt niðurstöðum Radway eru 13 atriði sem koma fyrir í hinni týpísku ástarsögu. Ekki verður farið í að lýsa hverju atriði fyrir sig en í grófum dráttum er ástarsaga svona uppbyggð: Í byrjun er sjálfsmynd kvenhetjunnar í molum þar sem hún er oft á tíðum fjarri fjölskyldu sinni eða því umhverfi sem hún þekkir vel.

Kvenhetjan og karlhetjan hittast síðan og eiga í erfiðum samskiptum vegna þess að þau misskilja hegðun hvors annars. Þau eru því aðskilin í stuttan tíma en að lokum ná þau saman, karlhetjan opnar sig og tjáir ást sína. Þá loks fær kvenhetjan eðlilega sjálfsmynd aftur (Radway, 1991, bls. 134). Þessi uppbygging ástarsagna er ekki tilkomin af einskærri tilviljun því að ástarsagnarisinn Harlequin Enterprises setur til dæmis rithöfundum sínum ákveðnar reglur og skiptir sér jafnvel af því frá hvaða sjónarhorni sögurnar eru sagðar. Þannig vita lesendur alltaf að hverju þeir ganga þegar þeir byrja að lesa ástarsögu frá Harlequin (Modleski, 1990, bls. 32). Það fer því ekki á milli mála að það eru ákveðin atriði sem einkenna langflestar ástarsögur. Það verða að vera kven- og karlhetja og það koma upp átök þeirra á milli en að sjálfsögðu endar allt vel. En eins og rithöfundarnir Linda Barlow og Krentz nefna þá eru vissulega til ástarsögur sem fylgja ekki alveg formúlunni með þeim afleiðingum að þær ná ekki sömu vinsældum (Barlow og Krentz, 1992, bls. 17).

Kvenhetjur ástarsagna hafa sín ákveðnu einkenni sem og karlhetjurnar. Útlit og persónuleiki kvenhetjunnar skiptir miklu máli enda samsama lesendur sig við hana, samkvæmt Ramsdell (Ramsdell, 2012, bls. 4). Nafn persónunnar sem og útlit, vöxtur og skapgerð skipta miklu máli fyrir lesendur en líka karlhetjuna. Kvenhetjan verður nefnilega að tengjast bæði lesendum og karlhetjunni (Dagný Kristjánsdóttir, 2002, bls. 45). Kvenhetjan er oft mjög falleg en hún gerir sér aldrei grein fyrir því þannig að hún er ekki hégómagjörn og góð með sig. Hún gerir sér ekki grein fyrir þeim áhrifum sem hún hefur á karlhetjuna (Radway, 1991, bls. 126). Fegurðin er þó ekki það eina sem laðar karlhetjuna að henni. Hún verður að vekja athygli hans fyrir styrk sinn og dirfsku og þannig sér hann að hún á skilið að vera vernduð og elskuð (Dagný Kristjánsdóttir, 2002, bls. 45). Ástarsagnalesendurnir hjá Radway sögðu að mikilvægast væri að kvenhetjan væri gáfuð, hefði húmor og væri sjálfstæð. En ástarsögur sæta einmitt oft gagnrýni fyrir að hafa hjálparvana og hlédrægar kvenhetjur (Radway, 1991, bls. 77).

Í hinni hefðbundnu ástarsöguformúlu er kvenhetjan ung að árum þegar hún hittir karlhetjuna. Áhersla er lögð á að þessar ungu konur séu sterkar og geti tekist á við karlana sem í lífi þeirra eru. En samt sem áður eru konurnar gerðar saklausar og óreyndar. Þær eru flestar hreinar meyjar þegar þær hitta draumaprinsinn (Radway, 1991, bls. 126). Karlhetjan hefur hins vegar öðast mikla reynslu áður en hann hittir kvenhetjuna. En kvenhetjan fyrirgefur honum það, og lesendur einnig, því reynsla hans sýnir að hann hefur ekki elskað konurnar sem hann hefur verið með. Aldrei er litið svo á að hann sé einfaldlega lauslátur eða sýni konum enga virðingu. Útskýringin er alltaf sú að hann sé hræddur við að mynda sterk tengsl við konur og hafi ekki gert það áður.

Kvenhetjan á svo að geta breytt því (Radway, 1991, bls. 130). Í nýjum bókum getur kvenhetjan verið aðeins eldri og jafnvel átt börn áður en hún hittir karlhetjuna (Seidel, 1992, bls.170) en að konan sé óspillt er hið hefðbundna form. Það sést vel í ástarsögnum hversu vel þetta viðhorf er greytt í menninguna; konur eiga að vera hlédrægar og haga sér vel en karlar fá útrás fyrir þarfir sínar. Lesendurnir hjá Radway sögðu einmitt að í lélegum ástarsögum væri kvenhetjan með fleiri en einum manni (Radway, 1991, bls. 161).

Krentz og Doreen Owens Malek eru ekki á þeirri skoðun að meydómur konunnar geri hana að verðlaunagrip karlsins. Þær segja að hann standi fyrir mátt konunnar, heiður og hugrekki (Krentz, 1992, bls. 111). Meydómurinn er gjöf sem aðeins er hægt að gefa einu sinni og því er það á valdi konunnar hver verður sá heppni (Malek, 1992, bls. 118). Það er því hægt að segja að hennar markmið sé að finna hinn rétta og gefa honum þessa gjöf. En helsta markmiðið er samt sem áður að fá karlhetjuna til þess að tjá ást sína með orðum en ekki bara gjörðum (Barlow og Krentz, 1992, bls. 23). Ef henni tekst ekki að láta karlinn opna sig og eiga auðvelt með að tala um tilfinningar sínar þá getur hann ekki losað sig við þá spennu sem í honum býr nema með hjálp ofbeldis. Kvenhetjan er þannig með karlhetjuna í meðferð og ef hún virkar þá endar sagan vel.

Karlhetjur ástarsagna eru ólíkir kvenhetjunum. Karlarnir eru alltaf mjög karlmannlegir í útliti og atferli. Það er nefnilega ekki nóg fyrir rithöfunda ástarsagna að lýsa karli sem er mjög vöðvastæltur. Hann verður að vera harður í framkomu, dimmur og dularfullur. Lesendur verða þó að skynja að innst inni er vottur af ljúfmennsku í honum (Radway, 1991, bls. 128). En það er þessi vottur af ljúfmennsku sem lætur lesendur fyrirgefa ofbeldisfulla hegðun hans. Karlhetjan verður oft ofbeldisfullur eða ágengur þegar hann misskilur hegðun kvenhetjunnar eða tilfinningar hennar gagnvart sér. En seinna verður hann ástríkur og verndar hana fyrir hættum sem geta steðjað að (Radway, 1991, bls. 75).

Rannsakendur, lesendur og rithöfundar ástarsagna eru ósammála um hvaða merkingu þessi ofbeldisfulla hegðun og snöggu umskipti hafa. Þátttakendurnir í rannsókninni hennar Radway sögðu að þeir gætu sætt sig við ofbeldið ef því væri ekki lýst of ýtarlega og ef það væri vegna óstöðvandi ástar karlhetjunnar eða afbrýðissemi. Ef ofbeldið væri ekki útskýrt þætti þeim það ógeðfellt (Radway, 1991, bls. 76). Sögur með miklu ofbeldi flokkuðu konurnar undir slæmar ástarsögur. Þær sögðust þó læra mest af þessum bókum. Það vakti þær til umhugsunar um sín eigin sambönd ef karlhetjan stjórnaði kvenhetjunni og hún stóð ekki með sjálfri sér (Radway, 1991, bls.

102). En Radway er ekki sammála þáttakendum sínum og segir að skilaboðin sem ástarsögurnar sendi frá sér varðandi ofbeldi, og þá sérstaklega nauðgun, séu slæm. Sumir segja að lýsingar á nauðgun veiti konum stjórn og styrk þar sem þær eru fjarlægjar atburðinum. Radway bendir hins vegar á að sögurnar ýti undir þá hugsun að nauðgun sé annað hvort mistök af hálfu geranda eða þá táknræn fyrir óstöðvandi þrár hans. Konur fái því brenglaða hugmynd um kynlíf og ofbeldi (Radway, 1991, bls. 216). Viðbrögð kvenhetjanna eru líka oft á tíðum ekki gagnrýni á hegðun karlhetjunnar. Tania Modleski segir í bók sinni *Loving with a vengeance* að skorti ofbeldi geti það orðið umbun. Til dæmis þegar kvenhetjan misskilur hegðun karlhetjunnar og heldur að hann ætli að beita sig ofbeldi en hann gerir það ekki (Modleski, 1990, bls. 42). Kvenhetjunnar finnst þannig að sér sé veitt umbun og verður þakklát fyrir að hafa verið hlíft við ofbeldinu. Karlhetjur ástarsagna eru grófari og dularfyllri en kvenhetjurnar. En sigur kvenhetjunnar er mun stærri samkvæmt Krentz því að helsta og stærsta áskorun hennar er að hreppa karlhetjuna (Krentz, 1992, bls. 108-109).

4. Femínískt viðhorf Auðar Haralds

Í eftirfarandi kafla verður gerð athugun á femínísku viðhorfi í tveimur bókum Auðar Haralds, *Hlustið þér á Mozart?* og *Ung, há, feig og ljóshærð*. Bækurnar verða greindar og viðtökur þeirra hjá gagnrýnendum skoðaðar. Við fyrstu sýn virðist ekkert samspil vera á milli bókanna þótt svo að ástarsögur leiki mikilvægt hlutverk í þeim báðum. En þegar betur er að gáð sést að það er tenging þeirra á milli.

4.1 Greining á *Hlustið þér á Mozart?*

Lesendur ástarsagna eru stór og dyggur hópur kvenna eins og fram hefur komið. Á áttunda áratugnum voru bandarísku lesendurnir konur, sem voru flestallar giftar og á aldrinum 24 til 49 ára. Rétt tæplega helmingur þeirra var útvinnandi og hafði lokið framhaldsskóla en ekki háskólanámi (Radway, 1991, bls. 55). Þær hafa að mestum líkindum tilheyrt millistétt þar sem það voru aðallega konur í millistétt sem keyptu bækur á þessum tíma, en þær höfðu bæði fjárráð og tíma. Á meðan börnin voru í skólanum nýttu konurnar tækifærið og glugguðu í bækur. Lesendur í rannsókn Radway höfðu reyndar ekki bara gaman að því að kíkja í ástarsögur við og við heldur fannst meirihluta þeirra lesturinn ómissandi hluti af sínu daglega lífi og las því á hverjum degi (Radway, 1991, bls. 45–59).

Lovísa í *Hlustið þér á Mozart?* passar vel inn í þann hóp bandarískra kvenna sem les ástarsögur. Við fylgjumst reyndar bara með Lovísu í einn dag en ljóst er að hún er búin að vera heimavinnandi húsmóðir lengi. Hún hefur nægan tíma fyrir sjálfa sig því að hún á engin börn til þess að hugsa um. Flestar ef ekki allar heimavinnandi húsmæður hafa nóg fyrir stafni þar sem þær hugsa um börnin ef þau eru ekki nógu gömul til að fara í leikskóla eða skóla. Einnig sjá þær um allt sem viðkemur heimilinu á meðan makinn er í vinnunni. Það má segja að starfi húsmæðra ljúki aldrei, nema þá kannski meðan þær sofa. Þegar börnin eru uppkomin þá minnkar vitanlega álagið og konur geta þá einbeitt sér að öðrum verkefnum. En Lovísa hefur bókstaflega ekkert við að vera nema bíða eftir að Þorsteinn eiginmaður hennar komi heim svo hún geti gefið honum að borða.

Eflaust þykir mörgum gaman að lesa um draumóra Lovísu og komast í hugarheim hennar og ímyndunarafl. Þó eru áreiðanlega fleiri sem furða sig á

aðgerðarleysi hennar enda er það stílfært og óraunsætt. Lovísa fær allt sem hún vill upp í hendurnar því að Þorsteinn gerir allt fyrir hana. Hún þarf aldrei að gera neitt sjálf og kemst þar af leiðandi upp með að liggja í rúminu fram eftir degi. Einnig virðist henni vera um megn að taka sjálfstæða ákvörðun og finna út hvað hún vill gera með líf sitt, hvort sem það tengist vinnu, áhugamálum eða einhverju öðru. Lovísa og Þorsteinn virðast ekki vera forrík því að Lovísa er heimavinnandi þótt hann sé heildsali. Ef þau hefðu mjög mikið á milli handanna þá myndi Lovísa eflaust gera eitthvað á daginn; fara á snyrtistofu, á kaffihús og jafnvel stunda golf eða einhverja aðra afþreyingu. Í dag furðar maður sig á því af hverju Lovísa heldur ekki bara út á vinnumarkaðinn fyrst henni leiðist svona mikið. En það þótti fint að geta verið heimavinnandi húsmóðir á meðan eiginmaðurinn var fyrirvinna heimilisins. Lovísa er því heima til að þau líti vel út í augum annarra og svo þekkir Lovísa líka ekkert annað.

Lovísu langar þó að yfirgefa Þorstein og lifa spennandi lífi með riddaranum sínum en hún gerir ekkert í þeim málum vegna þess að hún þorir ekki að taka áhættu. Hún þarf að vera tilbúin með kvöldmatinn klukkan sex því að þannig hefur það verið í fjöldamörg ár. Hún tekur reyndar upp á því að telja hitaeiningarnar í matnum hans Þorsteins og leggur sig mikið fram við að láta hann borða sem flestar svo hann fitni. Sjálfur vill Þorsteinn greinast. Þetta gerir Lovísu eiginlega að enn hlægilegri og sorglegri persónu en ella því að loksins þegar hún fær metnað fyrir einhverju þá snýr það auðvitað að eiginmanninum sem hún vill að upplifi sama leiða og hún. Svo virðist sem Lovísa vilji láta Þorstein fitna svo mikið að hann fái hjartaáfall og deyi. En innst inni vill hún það ekki því að ef hann fer frá henni verður hún að standa á eigin fótum. Á milli þess sem hún telur hitaeiningar ofan í Þorstein les hún ástarsögur til þess að drepa tímann.

Í gamalli sjónvarpsauglýsingu frá Harlequin birtist kona á miðjum aldri sem les ástarsögur til þess að hverfa frá raunveruleikanum (Modleski, 1990, bls. 36). Flestar konurnar sem tóku þátt í rannsókn Radway sögðu einmitt að þær læsu til þess að flýja hversdagslífið. Aðrar ástæður fyrir lestrinum voru til dæmis að þær vildu slaka á, eiga tíma fyrir sjálfa sig, læra um framandi staði, lesa um sterkar kvenhetjur og góðan endi. Konunum þótti gaman að lesa ástarsögur því að þær voru öðruvísi en hversdagsleiki þeirra (Radway, 1991, bls. 61). Radway sagði að það leyndist tvenns konar merking í flóttu kvennanna frá hversdagsleikanum. Annars vegar vildu þær gleyma hversdagsleikanum og sökkva sér í lesturinn. Hins vegar voru þær svo fegnar að lesa um líf einherrar konu sem líktist ekkert þeirra eigin lífi (Radway, 1991, bls. 90). Modleski nefnir einnig áhugaverða kenningu um flóttann frá hversdagsleikanum.

Gagnrýnendur eru sammála um að konur þurfi að láta í sér heyra og hætta að láta eftir þörf sinni fyrir að hverfa inn í annan heim. Þær eigi þvert á móti að stíga fram í sviðsljósið og vera meira áberandi en Modleski segir einmitt að ástarsagnaheimurinn verðlauni óeigingirni kvenna. Þær séu því hvattar til þess að halda sig til baka og kyngja þannig í raun stolti sínu (Modleski, 1990, bls. 36-37). En það verður fjallað betur um hvað talið er að konur læri af ástarsögum hér aftar.

Ástarsagnalestur er leið kvenna til að hætta að hugsa um þau verkefni sem hvíla á herðum þeirra og fá örlítinn tíma fyrir sjálfar sig. Það ætti að vera mjög skiljanlegt að fólk vilji fá tíma fyrir sig til þess að slaka á. En eiginmenn kvenna sem lesa ástarsögur hafa ekki alltaf sýnt fullan skilning á þessu áhugamáli þeirra. Einn þáttakandi Radway sagði einmitt að eiginmaður hennar vildi oft ekki að hún læsi bækurnar því að hann vildi að hún eyddi tíma með honum, til dæmis með því að horfa á sjónvarpið með honum. Önnur kona tók fram að karlarnir væru ekki óánægðir með að þær læsu ástarsögur heldur að öll athygli þeirra færi í lesturinn (Radway, 1991, bls. 91). Konurnar sögðust oft fá samviskubit yfir því að eyða tíma frá fjölskyldunni í sig sjálfar og ekki hjálpaði það þegar karlarnir sýndu þeim ekki skilning. Þær sögðu líka að eiginmennirnir samþykktu frekar ástarsagnalesturinn ef þær sýndu fram á að hafa lært eitthvað af lestrinum. Því sögðu konurnar þeim ekki frá persónunum eða söguþræði heldur staðreyndum. Til dæmis lýstu þær náttúrunni eða öðrum landfræðilegum staðreyndum framandi lands (Radway, 1991, bls. 90–111). Þegar konurnar vildu slappa af og hverfa inn í annan heim þurftu þær, sem sagt, að vera á varðbergi og taka eftir öllum sögulegum staðreyndum til þess að sanna að það væri eitthvað gagn af lestrinum. Hvort sem konurnar hefðu viljað hætta lestrinum til þess að gleðja aðra fjölskyldumeðlimi þá er ekki líklegt að þær hefðu getað það, samkvæmt einum lesanda Radway. Hún sagði að ástarsagnalestur væri eins og hver önnur fíkn nema að þessi fíkn væri hættulaus (Radway, 1991, bls. 88). Ekki er víst að allir séu sammála þessu.

Á sögutíma *Hlustið þér á Mozart?* les Lovísa eina ástarsögu til þess að flýja sitt óspennandi líf. Það má þó ætla að hún lesi mikið af ástarsögum því að hún hefur ekkert annað að gera. Lovísa er þannig gerð að enn sorglegri persónu með því að láta hana lesa formúlukenndar ástarsögur sér til skemmtunar. Það væri allt annað ef Lovísa væri metnaðarfull kona sem vissi að hverju hún stefndi og að hún læsi svo ástarsögur sér til skemmtunar. Þá fengjum við aðra sýn á bæði bókmenntagrein og lesendur hennar. Lovísa er þó ekki alslæg því að hún les ástarsöguna með gagnrýnum huga. Dæmi um þetta er þegar hún efast um ákvörðun Adelu aðalpersónu sögunnar:

„Etlarðu að flýja?“ spyr Lovísa Adelu og er bæði hneyksluð og undrandi. „Af hverju hringirðu ekki á lögguna?“ En hún sér strax í hendi sér að það er ekki hægt, þá endar bókin á síðu 41. Þá frekar að neita söguhetjunni um almenna skynsemi og láta hana, í yfirvofandi lífsháska, setjast og burstu hár og hugsa um æsku sína í átta síður“ (Auður Haralds, 1982, bls. 90).

Lovísa virðist þannig gagnrýna ástarsögur aðeins meira en til dæmis konurnar sem tóku þátt í rannsókn Radway. Einnig hefur Lovísa fullan stuðning eiginmanns síns eða hann skiptir sér að minnsta kosti ekki af því hvað hún gerir á daginn. Það má túlka stuðning Þorsteins sem svo að hann sé að styrkja sjálfsfyrirlitingu hennar með því að „leyfa“ henni að lesa bækur sem verðlauna óeigingirni kvenna. Lovísu dreymir um að Þorsteinn gagnrýni eitthvað sem hún gerir svo að henni finnist að hann hafi einhvern áhuga á sér. Þetta gerir hana að týpískum ástarsagnalesanda samkvæmt Barlow og Krentz. Þær segja að margar konur kvarti undan því að eiginmenn þeirra nenni ekki að eiga í innihaldsríkum samræðum við þær. En einmitt í ástarsögunum fá konur þessa þörf uppfyllta þar sem karlhetjurnar eru viljugir að tjá sig (Barlow og Krentz, 1992, bls. 23). Þær konur sem samsama sig kvenhetjunni fá mögulega þörfinni fyrir innihaldsríkar samræður uppfyllta en er það rétt að allar konur samsami sig kvenhetjunni eins og Ramsdell segir?

Allar konurnar í rannsókn Radway sögðust vilja samsama sig með kvenhetjunni og að það væri það sem hrifi þær einna mest við ástarsagnalesturinn (Radway, 1991, bls. 64–65). Þær vildu deila tilfinningum með kvenhetjunni þegar hún áttar sig á því að það er karl sem fylgist náið með henni og finnst hún vera þess verðug að vera elskuð (Radway, 1991, bls. 67–68). Gagnrýnendur ástarsagna segja að með þessari samsömun trúi konur því að eiginmenn þeirra elski þær þó svo að hegðun þeirra segi annað (sbr. ofbeldisfull hegðun karlhetjunnar) (Radway, 1991, bls. 149). Þeir segja að konur læri að sætta sig við líf sitt og ljúga að sjálfum sér í stað þess að taka af skarið og gera breytingar ef þess er þörf (Radway, 1991, bls. 215).

Rithöfundurinn Kinsale bendir hins vegar á að ef kvenhetja í ástarsögu er mjög einföld þá vilji konur ekki samsama sig henni en þær vilji samt alveg vera í hennar sporum. Kvenhetjan er þá „staðgengill“ (e. place-holder) kvennanna. Þær upplifa sömu hluti og kvenhetjan en þær samþykkja gjörðir hennar að vild (Kinsale, 1992, bls. 32). Dagný Kristjánsdóttir útskýrir þetta þegar hún segir að það sé erfitt fyrir konur að samsama sig kvenhetjunni þar sem hún er stöðluð kona en lesendur upplifa sig ekki sem staðlaða konu heldur sem einstakling. Konurnar eiga því auðveldara með að samsama sig karlhetjunni því að þær geta samsamað sig stöðluðum einkennum hans

(Dagný Kristjánsdóttir, 2002, bls. 49). Barlow segir að í bestu ástarsögunum tengist lesendur bæði kven- og karlhetjunni. Lesendur tengjast karlhetjunni líka því að hann er ekki karlmaður heldur er hann hluti af sál kvenhetjunnar sem sameinast henni í lok bókarinnar. Barlow kemur með góð rök fyrir því af hverju konur tengja við karlana. Stelpum hefur löngum verið kennt að vera rólegar og yfirvegaðar og lesendurnir fá því útrás með því að tengjast karlhetjunni (Barlow, 1992, bls. 49–51). Þeir sem aðhyllast ástarsögur segja að kvenhetjan sé sterk og hugrökk í augum þeirra kvenna sem hafa ekki áttað sig á mikilvægi jafnréttis kynjanna (Radway, 1991, bls. 78). Einnig benda þeir á að konur séu ekki að leita sér að fyrirmynd í bókunum heldur að þær vilji einfaldlega lesa fantasíu (Malek, 1992, bls. 78) og að þessar fantasíur fylli þær styrk (Phillips, 1992, bls. 55).

Fólk hefur bersýnilega ólíkar skoðanir á áhrifum ástarsagna á lesendur þeirra. Hafa verður í huga að þeir sem segja að lesendur tengist líka karlhetjunni eru að verja ástarsögurnar. Þeir reyna að sannfæra fólk um að ástarsagnalestur hafi ekki slæm áhrif á lesendur og að ástarsögurnar séu flóknari bókmenntir en marga grunar. Einnig reyna þeir sem þola ekki ástarsögur að gera lítið úr þeim. Báðir hóparnir hafa oft á tíðum mikið til síns máls. En það er áhugavert að þeir sem verja ástarsögur segja að af því að konur samsami sig bæði með kven- og karlhetjunni þá fyllist þær styrk og bækurnar séu þeim holl lesning. Ég efast hins vegar um að margir myndu vilja að ungar dætur þeirra læsu bækur þar sem strákar réðu ríkjum, væru vondir við stelpurnar og að þær þyftu alltaf að láta undan þeim. Þetta eru ekki skilaboð sem við viljum að stelpur fái. Vissulega eru það frekar fullorðnar konur sem lesa ástarsögur og þær eru ekki jafn áhrifagjarnar og ungar stelpur, en skilaboðin eru samt þau sömu. Ef við heyrum ákveðin skilaboð nógu oft þá hljótum við að trúá þeim að lokum. Því finnst mér meira neikvætt en jákvætt hægt að segja um ástarsagnalestur. Það eru þó til enn fleiri kenningar um það hverjum lesendur samasama sig með, eins og Dagný Kristjánsdóttir drepur á í grein sinni (Dagný Kristjánsdóttir, 2002, bls. 49–53). Það verður þó ekki fjallað nánar um þær í þessari ritgerð.

Ástarsagnalesturinn virðist ekki hafa mikil áhrif á Lovísu. Hún fyllist hvorki styrk né áttar sig á mikilvægi jafnréttis eins og fylgjendur ástarsagna segja að bækurnar geri. Lovísa heldur áfram að lifa sínu sorglega lífi. Til að mynda tekur hún á móti Þorsteini seinna um daginn, eftir ástarsagnalesturinn, en hann tekur ekki einu sinni eftir henni í dyrunum! Ekki nóg með að samskipti Lovísu við manninn sinn séu óheilbrigð heldur eru samskipti hennar við móður sína það líka. Hún er mjög háð móður sinni sem endurspeglar skoðun margra fræðimanna sem telja að bækurnar sýni hversu háðar

konur eru mæðrum sínum og hversu erfitt þær eigi með að greina sig frá þeim sem og öðrum konum. Þessi gagnrýni vísar til kenninga Nancy Chodorow um að konur skilgreini sig út frá öðrum en karlar líti á sig sem einstaklinga (Dagný Kristjánsdóttir, 2002, bls. 41-42). Lovísa er ekki bara háð móður sinni heldur er hún háð látinni móður sinni sem dvelur í fataskápnunum hennar. Þetta minnir óneitanlega á Norman Bates í kvikmyndinni *Psycho*. Hann drepur móður sína, geymir líkið í kjallaranum og gengur í fötum af henni þegar hann myrðir fólk. Hann hefur greinilega átt í erfiðu sambandi við móður sína og er veikur á geði eftir þau samskipti. Það sama á við um Lovísu. Hún talar við látna móður sína sem er ströng og alltaf að skipta sér af henni en samband þeirra hefur eflaust ekki verið byggt á traustum grunni meðan móðirin lifði. Auður Haralds sagði í viðtali að Lovísa væri léttgeggjuð til þess að verða ekki geðveik á aðgerðarleysisinu (Atli Magnússon, 1982). Þannig að ef hún væri sjálfstæð kona sem hefði nóg á sinni könnu þá myndi hún ekki eyða deginum í að tala við látna móður sína og lesa lélagar ástarsögur.

Það er áhugavert að velta fyrir sér skilaboðunum sem Auður vill koma til skila með bókinni. Þó svo að hún sé mjög írónísk og finnst gaman að kitla hláturtaugar lesenda þá er bókin *Hlustið þér á Mozart?* samt sem áður harmsaga, að mínu mati. Lovísa hangir ein heima hjá sér alla daga og er ekki virk í samfélaginu. Hún er eins og illa gerður hlutur. Auður bendir á misréttið í því að konur dúsi heima á meðan karlarnir fara út á meðal fólks og eru virkir samfélagsþegnar. Konur voru lokaðar inni á heimilum sem stöðutákn og til að mæta andlegum þörfum sínum lásu þær ástarsögur. Þó svo að bókin sé ádeila og Auður vilji aukið jafnrétti kynjanna getur bókin líka virst vera leið Auðar til þess að sýna hve hátt hún er hafin yfir kynsystur sínar. Auður hefur í viðtölum verið ófeimin við að benda á að hún sé sjálfstæð kona sem þarfnist ekki karlmanns til þess að lifa innihaldsríku lífi. En Lovísa er háð Þorsteini og hún er gerð enn sorglegri með því láta hana lesa ástarsögur sér til skemmtunar. Sjálfstæðar konur eins og Auður segist vera lesa ekki ástarsögur heldur hafa þær nóg á sinni könnu. Í næstu bók sinni, *Ung, há, feig og ljóshærð*, kafar Auður dýpra í ástarsögurnar og misréttið milli kynjanna kemur þar við sögu enda ekki við öðru að búast.

4.1.1 Viðtökur

Viðtökur *Hlustið þér á Mozart?* voru heldur slakar á sínum tíma en þó fékk bókin betri dóma en *Læknamaftan*. Jóhanna Kristjónsdóttir skrifaði gagnrýni um bókina og sagði

að bókin væri ágætis farsí en hún skildi ekki alveg tilganginn með henni. Hún taldi þó að hann gæti verið að sýna hversu fyndinn höfundurinn væri. Stíll Auðar og húmor féll ekki í kramið hjá Jóhönnu og var hún ekki fyrsti gagnrýnandinn sem setti út á þessi atriði eins og fram hefur komið. Jóhanna stakk upp á því að Auður léti snjalla menn lesa yfir handritin sín fyrst hún réði ekki sjálf við það verkefni að hafa stjórn á sér. Hún tók fram í lok gagnrýni sinnar að það gæti verið mikið varið í bók um vonsviknu húsmóðurina Lovísu, en þá yrði höfundurinn að hafa frá einhverju að segja. Það væri ekki nóg að skrifa allt sem manni dytti í hug niður á blað (Jóhanna Kristjónsdóttir, 1982). Jóhanna gengur of langt í gagnrýni sinni þegar að hún segir að bókin fjalli ekki um neitt. Hún fjallar um konu sem dauðleiðist en fer ekki út á vinnumarkaðinn því að það þykir finna að láta karlinn skaffa og hafa konuna heima. Bókin bendir á misréttið sem hefur ríkt á milli kynjanna. Það er rétt hjá Jóhönnu að Auður vilji sýna fram á hvað hún sé ótrúlega fyndin en bókin er ekki bara eitthvert blaður út í loftið. Hún er harmsaga konu sem er í vítahring sem samfélagið hefur sett hana í.

Illugi Jökulsson, sonur Jóhönnu Kristjónsdóttur, skrifaði einnig gagnrýni um bókina. Hann var sammála Jóhönnu um að bókin gæti verið ágætis lesning ef Auður hefði hemil á frásagnargleði sinni. Illugi sagði að hömluleysið yrði Auði að falli. Hann tók þó fram að Auður ætti auðvelt með að skrifa — eiginlega of auðvelt (Illugi Jökulsson, 1982). Miðað við þessar athugasemdir frá Illuga lítur út fyrir að Auður hafi bætt sig frá síðustu bók sinni að hans mati. Hún er ekki sú eina því að Illugi virðist hafa bætt sig líka. Hann virðist hafa lesið alla bókina en það gerði hann ekki þegar hann skrifaði ritdóm um *Læknamafiuna*.

Matthías Viðar Sæmundsson kom bæði með jákvæðan og neikvæðan dóm. Hann var feginn því að bókin fjallaði ekki um raunir kvenna en undir þær virðist Matthías flokka öll skáldverk femínista og kvenfrelssinna. Hann sagði að Auði hefði blessunarlega tekist að komast hjá ókostum þeirra bóka. Ókostirnir, samkvæmt Matthíasi, voru til dæmis „vandlæting“, „nöldur“ og „sjálfsásökun“ (Matthías Viðar Sæmundsson, 1982). Matthíasi tókst með þessum orðum að hrósa bók Auðar en gera í leiðinni lítið úr fyrri bókum hennar og baráttu íslenskra kvenna fyrir jafnrétti. En það sem honum fannst jákvætt var að draumar Lovísu áttu sér skírskotun til veruleikans því flest látum við okkur einhvern tímann dreyma um að vera stödd í öðrum veruleika. Matthíasi fannst Auður standa sig vel í að flétta saman þann veruleika sem Lovísa lifir við og þann sem hún lifir sig inn í. Einnig tók hann fram að Auður hafi brotið það form sem hafði verið í tísku í bókmenntum (bækur um raunir kvenna) og því væri hún frumlegur höfundur. Aftur á móti fannst Matthíasi, rétt eins og Jóhönnu, kaldhæðnin

og húmorinn ekki ganga upp í bókinni (Matthías Viðar Sæmundsson, 1982). Þar sem aðalpersóna bókarinnar er kona og bókin fjallar mest um hana hlýtur hún að vera bók um raunir hennar sem annað. Matthías hefur því rangt fyrir sér þegar hann segir að Auður komist hjá því að fjalla um raunir kvenna. Auður Haralds hefur verið orðin vön margskonar gagnrýni og því sneri hún vörn í sókn í viðtali sem birtist í Morgunblaðinu. Þar sagði hún að *Hlustið þér á Mozart?* væri skömminni skárri en aðrar bækur frá henni því hún væri búin að læra að hemja sig. Með þessum orðum gerir hún grín að gagnrýnendum en ber fyrir sig skjöld þannig að enginn geti komið á hana höggi: „Ég kann nefnilega ágætlega til verka, gallinn er að ég hef bara þennan hrikalega lélega smekk“ („Þessi síðasta bók mín er skömminni skárri en hinar“, 1982). En með þessum varnarvegg gerir hún í raun líka lítið úr bók sinni og talar um hana á forsendum annarra en sjálftrar sín.

4.2 Niðurrif ástarsagnaformúlunnar í *Ung, há, feig og ljóshærð*

Ung, há, feig og ljóshærð hefur mörg einkenni ástarsagna en við lestur bókarinnar átta lesendur sig þó fljótlega á því að um er að ræða skopútgáfu af ástarsögu. Í upphafi bókarinnar er aðalpersónan Anna Deisí ung og saklaus stúlka sem er nýbúin að missa móður sína. Einnig er hún atvinnulaus og því ljóst að hún á verulega erfitt. Það má segja að sjálfsmynd hennar sé í molum en það er einmitt eitt einkenni ástarsagna samkvæmt Radway eins og fram kom í kafla 3.

Anna fer í atvinnuviðtal hjá auðmanni einum í Imperial Global World Wide Enterprises. Viðtalið fer ekki eins og hún hafði ímyndað sér því sprenging verður í byggingunni og verður hún alelda í kjölfarið. Auðmaðurinn nær þó að koma skilaboðum til Önnu áður en hann deyr. Hann nefnir nafnið Anna Desirée við hana, lætur hana fá bréf og Anna Deisí telur að hún eigi að koma bréfinu til þessarar konu. Þegar Anna stendur inni í brennandi byggingunni líður yfir hana en henni er bjargað af hinum fagra Davíð. Vitanlega hrífst hún af bjargvætti sínum eins og sannri kvenhetju sæmir. Hún finnur öryggið streyma frá honum og það veitir henni huggun í þessum óstöðuga heimi. Í sakleysi sínu heldur Anna að Davíð vilji hjálpa sér þótt hann vilji ekki fara með hana á lögreglustöðina, enda er hann glæpamaður. Þrátt fyrir áhuga Davíðs á Önnu er hann ekki viðloðandi alla bókina. Anna fer í rannsóknarleiðangur í þeim tilgangi að finna Önnu Desirée. Í hefðbundnum ástarsögum verður ágreiningur eða misskilningur á milli kven- og karlhetju sem leiðir til aðskilnaðar þeirra. En hér er það rannsóknarleiðangur Önnu sem leiðir til þess. Davíð fer þó líka að sinna sömu

erindagjörðum og Anna ásamt öðrum glæpamönnum sem vilja ná til Önnu Desirée. Svik Davíðs leiða Önnu svo til Jórdaníu þar sem hún kemst í hann krappann. Henni er aftur bjargað en nú af öðrum manni sem hún fellur fyrir. Í lok sögunnar kemst hún svo að því að hún sjálf er Anna Desirée og er bróðurdóttir auðmannsins sem hún hitti í upphafi. Hann hafði ætlað að segja henni frá arfinum sem hún átti eftir föður sinn sem var einnig vel efnaður. Anna Deisí, eða Anna Desirée, endar á því að verða ein ríkasta kona Englands og ástfangin af manningnum sem bjargaði henni í Jórdaníu. Það er varla hægt að biðja um betri endi á ástarsögu.

Auður brýtur upp á ástarsagnaformið með því að láta Davíð, manninn sem Anna Deisí heillast af í upphafi, vera glæpamann. Anna hittir svo draumaprinsinn rétt í lok bókarinnar og því fá lesendur ekki greinagóða lýsingu á sambandi þeirra eins og þeir fá í hefðbundnum ástarsögum. Anna Deisí heillast sem sagt af tveimur mönnum en það fannst lesendum, sem Radway rannsakaði, einkenna lélegar ástarsögur. Samband Önnu og Davíðs er ekki aðalefni bókarinnar þó að það leiki vissulega mikilvægt hlutverk. Aðalatriðið er að komast að því hver Anna Desirée er og komast hjá því að lenda í klóm mannanna sem eru á höttunum eftir henni. En einn grunnþátturinn í að saga flokkist sem ástarsaga er að ástin leiki algjört lykilhlutverk. Auður lætur þó ástina alltaf vera til staðar í bókinni þar sem Davíð kemur í upphafi bókarinnar og heillar Önnu. Hann kemur svo aftur til hennar þegar þriðjungur bókarinnar er eftir. Davíð er líka alltaf nálægur Önnu án þess að hún geri sér grein fyrir því að hann sé á höttunum á eftir Önnu Desirée.

Í kafla 4.1 var sagt frá því að kvenlesendur hafi oft þurft að sanna fyrir eiginmönnum sínum að þær hafi gagn af ástarsagnalestri. *Ung, há, feig og ljóshærð* gerist öll í Róm nema rétt aðeins í lokin er Anna stödd í Jórdaníu. Róm er ekki mjög framandi staður í augum Íslendinga en Jórdanía er það vissulega. Auður uppfyllir þannig kröfu eiginmanna ástarsagnalesenda um að ástarsögur skuli vera fróðlegar. Lesendurnir halda oft á tíðum að höfundarnir hafi farið á þessa framandi staði sem minnst er á í bókunum þó svo að það sé alls ekki raunin (Radway, 1991, bls. 109-110). Stuttu kaflarnir þar sem sögumaður talar á eftir hverjum kafla um Önnu Deisí koma til móts við þessa þörf lesenda fyrir „sannar“ sögur eins og Inga Ósk Ásgeirsdóttir segir í grein sinni um bókina (Inga Ósk Ásgeirsdóttir, 1990, bls. 51).

Þessir kaflar þar sem sögumaður talar beint við lesendur eru það sem snýr einna mest upp á ástarsagnaformið. Sögumaðurinn lætur það ekki fara á milli mála að hann sé að skrifa skopstælingu á ástarsögum. Dæmi um það er þegar hann segir eftir fyrsta kaflann um Önnu Deisí að það sé enginn vandi að semja ástarsögur. Þær séu svo

formúlukenndar að hver sem er geti skrifað þær. Hann segir að ástarsögur verði að vera dálítið spennandi en það geti verið erfitt þegar þær verði til dæmis 200 síður að lengd. En þá sé alltaf hægt að fylla upp í með lýsingum á fatnaði, húsgögnum eða öðrum álíka spennandi hlutum (Auður Haralds, 1987, bls. 15–16). Anna Deisí fer einmitt að kaupa föt og snyrtivörur á blaðsíðu 115 og því verki lýkur ekki fyrr en á blaðsíðu 120. Það fer því ekki á milli mála að sögumanni finnst ástarsögurnar vera illa skrifaðar bækur sem séu allar eins að uppbyggingu. Í öðrum köflum sögumannsins segir hann til dæmis frá ferð sinni til tannlæknis, talar um Oscar Wilde og hvernig líf hans var ólíkt lífi sínu, talar um teppategundir, afdrif Önnu Deisíar, ástarlíf sitt, börnin sín og gagnrýnendur. Sögumaðurinn tekur fram að ef einhver gagnrýnandi sé kominn á þennan stað í bókinni þá ætti hann að hætta að lesa því það sé ekkert varið í bókina. „Bókin er meðalmennskan uppmáluð. Ef einhver vill vita af hverju, þá er það vegna þess að þarna úti er fullt af meðalmönnum sem lesa meðalbækur eftir meðalhöfunda. Þeim er skítsama hvað ofurmennum finnst um hana“ (Auður Haralds, 1987, bls. 130). Þar sem þessi bók er ástarsaga, eða skopstæling á þeim, þá er hún þar af leiðandi líka lélegt verk sem lítið er varið í samkvæmt sögumanni. Þeir sem lesa þessar bækur eru meðalmenn með lélegan smekk. Það er dálítill þversögn í þessu eins og Inga tekur fram í greininni sinni. Höfundurinn, Auður, vill ná til almennings með því að skrifa skemmtilega bók en aftur á móti sættir hún sig ekki við það að fylgja þeirri formúlu sem afþreyingariðnaðurinn hefur búið til eins og fram kemur í viðtölum við hana og í bókinni sjálfri (Inga Ósk Ásgeirsdóttir, 1990, bls. 54). Auður vill njóta vinsælda en samt sem áður vera frumleg, fyndin og yfir almenning hafin. Hún reynir einmitt að ná til almennings með þessum frumlegu köflum bókarinnar og með hómornum, og hún fær útrás fyrir húnorinn í persónusköpuninni.

Anna Deisí er ung, saklaus og dálítið ráðvillt stúlka. Í upphafi virðist hún falla fullkomlega í hlutverk kvenhetju ástarsagna. Hún kemur sér inn í flóknar aðstæður án þess að ætla sér það, heillast af öryggi Davíðs og finnst gott að hafa hann til þess að leiðbeina sér. Hún styður sig við hann og finnst hann vernda sig. Þetta gerir Önnu Deisí að hefðbundinni kvenhetju en hún er samt sem áður eiginlega of grunnhyggin á köflum. Þegar hún sér grein í dagblaði um sprenginguna miklu ætlar hún að lesa greinina og gá hvort hún geti orðið lögreglunni að liði, en hún les hana ekki. Ástæðan fyrir því er sú að hún sér frétt um að pilsfaldur kvenna muni hækka með haustinu samkvæmt nýjustu tískustraumum. Komandi tíska skiptir hana meira máli heldur en hin dularfulla sprenging. Einnig verður hún hneyksluð á gæðum tískuvöru þegar hún lendir í lífsháska. Einn glæpamaðurinn sem er á höttunum eftir Önnu Desirée reynir að

stela tösku Önnu án þess þó að hún átti sig á því hvað er að gerast. Hann steypist fram fyrir sig og hangir í töskunni á brún brautarpalls. Töskuhankinn gefur sig og þá áttar Anna sig á vörusvikunum; taskan er úr næfurþunnu snákaskinni en ekki krókódílaskinni. Það er það fyrsta sem kemur í huga hennar en ekki hversu heppin þau voru að ekki fór verr eða áfall yfir örlögum skúrksins. Einnig fer Önnu Deisi ekki að gruna Davíð um græsku fyrr en hann fer með hana í verslunarleiðangur. Hann vill að hún sé í nýjum fötum þegar þau fara til Jórdaníu og velur handa henni fjóra grádrappótta sumarkjóra. Þetta finnst Önnu vera grunsamlegt sem og matrónunni sem hún leigir hjá. Matrónunni finnst þetta sýna glæpsamlega hegðun: „Einmitt svona myndi ég pakka fyrir feigan“ (Auður Haralds, 1987, bls. 157).

Anna Deisi fær sér oft í glas og uppáhalds drykkurinn hennar er koníak. Það hefði lesendum Radway eflaust ekki þótt hæfa kvenhetju. Ekki nóg með það heldur þarf Anna Deisi nokkrum sinnum að nota bókina *Skytturnar* sem salernispappír. Það má segja að hugmyndir lesenda um Önnu Deisi breytist eftir því sem líður á bókina. Fyrst er hún svo saklaus og ráðvillt en svo koma í ljós aðrar hliðar á henni sem hafa lengi vel ekki þótt kvenlegar. Nafnið á kvenhetjunni er líka skemmtilega hallærislegt; Anna Deisi. Auður sýnir hér hversu hallærisleg útkoman getur orðið þegar við þýðum bækur úr erlendu máli og heimfærum þær á íslensku og íslenskan veruleika (Inga Ósk Ásgeirsdóttir, 1990, bls. 48). Davíð heitir líka David Cumbersome þótt hann sé oftast kallaður Davíð í bókinni.

Ung, há, feig og ljóshærð er í póstmódernískum stíl en hann einkennist af endurmati; endurskoðun á eldri hefðum og hvernig þær eiga heima í nútímanum. Írónísk afstaða einkennir oftast höfund sem skrifar í póstmódernískum stíl (Ástráður Eysteinnsson, 1999, bls. 388–391) og það á svo sannarlega við um Auði. Hún vinnur með klisjur gamalla ástarsagna og heimfærir þær upp á samtíma sinn og snýr öllu á hvolf. Það fer ekki á milli mála að bókin er mjög frumleg.

Eflaust vefst fyrir mörgum hvaða skilaboðum Auður vill koma til skila með bókinni *Ung, há, feig og ljóshærð*. Er bókin bara grín eða hvað? Svo virðist sem Auður vilji koma tvennu á framfæri. Í fyrsta lagi sýnir hún fram á hversu slæm lesning bækurnar eru fyrir konur sem þurftu á sínum tíma að dúsa heima allan daginn. Konurnar í hefðbundnum ástarsögum eru saklausar, viðkvæmar og á valdi karlanna. Þeir geta beitt þær ofbeldi ef þeir vilja og þær verða bara að taka því. Ástarsögur enda samt alltaf á því að karl-og kvenhetjan verða ástfangin þrátt fyrir að ágreiningur hafi orðið þeirra á milli eða jafnvel ofbeldi. Bækurnar sýna karla sem æðri verur en konur því valdið er þeirra. Konurnar eru svo ljúfar og „kvenlegar“ (hvað svo sem það er) og

Það er það eina sem ætlast er til af þeim. Ef þær eru öðruvísi þá heillast enginn maður af þeim. Þannig að heimavinnandi konur, á þeim tíma sem það þótti sjálfgefið, lásu bækur sem latti þær til að standa upp fyrir sjálfum sér og bækurnar endurspegluðu þannig ríkjandi hugmyndafræði. Bækurnar sýndu þeim ekki að karlar og konur ættu að standa jafnvíg í samfélaginu og vinna saman. Þetta eru helstu skilaboðin sem Auður virðist vilja koma frá sér með bókinni og svo finnst henni líka ástarsögur einfaldlega illa skrifaðar og innihaldssnauðar. Eins og sést þá er mikilvægt að skoða bækurnar *Hlustið þér á Mozart?* og *Ung, há, feig og ljóshærð* í samhengi bæði við ritunartíma og kvennabaráttu til þess að sjá skilaboð Auðar. Við fyrstu sýn virðast þær ekkert eiga sameiginlegt en því er fjarri; þær mynda tvær hliðar á sömu umræðu.

Þó svo að Auður vilji jafnrétti milli kynjanna, virðist hún ekki þora að segja það hreint út í skrifum sínum á þessum tíma. Hún skýtur sér undan því að taka afstöðu, notar hún og íroníu í viðtölum og lætur ekki festa sig niður. Það getur enginn gagnrýnt hana því að hún er alltaf að grínast. Það hefur hefur áreiðanlega verið erfiðara að setja út á misréttið á milli karla og kvenna á þeim tíma sem Auður gaf út bækurnar sínar en í dag. Eflaust hefur ein ástæðan fyrir því að Auður valdi ekki að standa á sínu verið sú að konur voru gagnrýndar fyrir femínísk skrif sín eins og sjá mátti í umsögn Matthíasar Viðars hér á undan. Nokkrar þeirra kvenna sem voru áberandi í skrifum sínum hurfu af sjónarsviðinu á níunda áratugnum og hafa lítið sem ekkert skrifað síðan. Auður Haralds var reyndar virk í skrifum fram undir lok níunda áratugarins en hún hvarf samt sem áður líka af sjónarsviðinu. Fjallað verður nánar um þetta í 5. kafla.

4.2.1 Viðtökur

Bókin um Önnu Deisí fékk ágætisdóma enda frumlegt verk þar á ferð. Jóhanna Kristjónsdóttir var heldur ánægðri með *Ung, há, feig og ljóshærð* heldur en *Hlustið þér á Mozart?* og sagði að sagan bæri af öðru sem Auður hafði sent frá sér. Henni fannst gaman að sjá Auði leika sér með ástarsagnaformið en enn og aftur var sett út á hún og hún. Jóhanna benti réttilega á að það sé erfitt að átta sig á því hvenær Auði er alvara. Þegar maður heldur að hún sé að skrifa í alvöru þá slær hún öllu upp í kæruleysi og brandarnir taka við (Jóhanna Kristjónsdóttir, 1987). Ingunn Ásdísardóttir skrifaði finan dóm um bókina og sagði að það væri í raun ekki hægt að setja út á bókina þar sem Auður bryti af sér öll bönd. Ef fólk myndi til dæmis setja út á að textinn væri ekki nógu heill þá er sögumaðurinn, Auður sjálf, búinn að segja okkur það í sögunni sinni

(Ingunn Ásdísardóttir, 1987). Þetta er hárrétt hjá Ingunni því eins og áður hefur komið fram þá vill Auður vera á undan gagnrýnendum að dæma bækurnar sínar. Hún vill ekki að þeir nái að koma höggi á hana frekar vill hún gera það sjálf. Kjartan Árnason birti mjög jákvæðan dóm um bókina og óskaði lesendum sem og Auði til hamingju með bókina. Hann sagði að Auður væri fyndin og hefði blásið nýju lífi í gamlar klisjur. Einnig tók hann fram að þetta væri bókmenntaverk þar sem bókin fjallaði um stúlku sem leitar annarrar konu en finnur sjálfa sig í lokin (Kjartan Árnason, 1987). Eflaust hafa margir verið ósammála Kjartani með þá skoðun hans að bókin sé bókmenntaverk. Bókin er frumleg nálgun á ástarsögur, sýnir fram á vankanta almennra ástarsagna og Auður deilir hart á stöðu kynjanna. Þótt bókin sé ekki meðal bestu íslenskra bókmenntaverka er hún samt sem áður bókmenntaverk sem er vel þess virði að lesa.

5. Hvarf kvenrithöfunda á níunda áratugnum

Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir skrifaði grein um „dularfullt hvarf“ íslenskra kvenrithöfunda á níunda áratugnum, en á áttunda áratugnum var mikil gróska hjá kvenrithöfundum á Íslandi sem og Norðurlöndunum. Þórunn tók eftir því að margar af mest áberandi kvenrithöfundum landsins á þessum tíma hurfu af sjónarsviðinu á tímabilinu 1977–1987 (Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir, 2003, bls. 45). Magnea J. Matthíasardóttir var afkastamikill höfundur en hún skrifaði eina ljóðabók og þrjár skáldsögur á aðeins fimm árum. Hún fékk mikið lof fyrir skáldsögu sína *Hægara þælt en kýlt* (Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir, 2003, bls. 45). Ása Sólveig fékk fyrstu Menningarverðlaun DV árið 1978 fyrir bók sína *Einkamál Stefaníu*. Ása var óhrædd við að tjá skoðanir sínar varðandi kvenréttindi og var vinsæll höfundur (Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir, 2003, bls. 46). Þrátt fyrir velgegni hættu Magnea og Ása að skrifa og hafa ekki verið gefnar út bækur eftir þær í áratugi.

Auður Haralds hefur ekki sent frá sér bók síðan árið 1987. Hún segir ástæðuna vera persónulega þótt vissulega búi sköpunarþráin enn í henni. En hún segist hafa lítinn vinnuvilja þar sem hún þurfi að vera launalaus í marga mánuði og uppskeri svo ekki neitt (Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir, 2003, bls. 47). Auður hefur greinilega verið komin með nóg af neikvæðri umfjöllun sem bækur hennar fengu oft á tíðum. Hún segir þó í viðtalinu við Þórunni að hún minnst þess ekki að gagnrýnendur hafi verið harðhentir við hana á sínum tíma (Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir, 2003, bls. 47). Það er dálítill þversögn í orðum hennar enda vill hún ekki viðurkenna að gagnrýnendur hafi haft einhver áhrif á sig.

Helga Kress segir að konur skrifi oft á tíðum öðruvísi bækur en karlar. Þær fjalla um ástir, kvenhlutverkið, einkamál sín, heimilislífið og svo framvegis. Karlkyns gagnrýnendur afskrifa þessar bækur oft sem óþarfa mas og þess vegna er kannski ekki skrítið að margar konur hafi hætt að skrifa (Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir, 2003, bls. 47). Dagný Kristjánsdóttir kemur með eina mögulega skýringu á hvarfi kvenrithöfunda á þessum árum. Nýja kvannahreyfingin ýtti fast á eftir kvenrithöfundum að gefa frá sér nýtt efni og var þetta efni notað sem pólitískt verkfæri í baráttunni fyrir jafnrétti. Konurnar sem skrifuðu á þessum tíma upplifðu það mótlæti sem beindist að nýju kvannahreyfingunni, rauðsokkum og síðar að Kvinnalistanum (Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir, 2003, bls. 48). Þannig að þó að nýja kvannahreyfingin hafi komið þessum konum á framfæri hefur hreyfingin einnig skemmt fyrir þeim þegar hún fékk

sem mest mótlæti. Dagný segir að á sama tíma og þetta mótlæti átti sér stað hafi bækur um raunir kvenna dottið úr tísku og þótt hallærislegar og leiðinlegar. Kvenrithöfundar hafa áreiðanlega ekki haft mikið sjálfstraust á þessum tíma vegna þess að þær skrifuðu um raunir sínar, upplifðu mótlæti og duttu síðan úr tísku (Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir, 2003, bls. 48).

Auður Haralds hefur fengið margskonar gagnrýni fyrir bækur sínar. Stundum hefur gagnrýnin átt rétt á sér eins og þegar fjallað er um hversu mikið hún rembist við að vera fyndin á köflum. En hún hefur líka verið gagnrýnd fyrir að skrifa eitthvað út í loftið, fengið gagnrýni án þess að gagnrýnandi hafi lokið við að lesa bókina og gagnrýnendur hafa ekki alltaf áttað sig á skilaboðunum sem felast í bókum hennar. Það er því ljóst að kvenrithöfundar hafa á sínum tíma fengið ósanngjarna gagnrýni sem hefur eflaust verið erfitt að takast á við. Auður Haralds hefur þó ekki viðurkennt það enda er hún búin stimplað sig inn sem sterka konu sem ekkert lætur á sig fá.

Lokaorð

Auður Haralds er áhugaverður og skemmtilegur rithöfundur. Hún skrifar vel og hefur gott vald á tungumálinu. Hún er mjög fyndin en stundum tekur hún of mikið á við það. Við fyrstu sýn virðist hún vera hispurslaus í skoðunum sínum á ýmsum málum, s.s. jafnrétti kynjanna, þegar skoðuð eru viðtöl við hana og fyrsta bók hennar. En eftir nánari athugun á tveimur bókum hennar, *Hlustið þér á Mozart?* og *Ung, há, feig og ljóshærð*, þá er það ljóst að Auður er merkilega tvíbent í afstöðu sinni til femínisma. Hún bendir á misréttið sem ríkt hefur milli kynjanna og hún gerir það á frumlegan hátt. Hún notar hómor í skrifum sínum og tekst henni oftast vel upp. En brandararnir eru oft á tíðum of margir og draga úr skilaboðum bókanna eða snúa þeim beinlínis við. Ég tel skýringuna ekki vera þá að hún kunni ekki að hemja sig eins og gagnrýnendur hafa sagt. Hún er með ýkta brandara til þess að fólk einbeiti sér að hómornum í bókunum en ekki að raunverulegu skilaboðunum sem leynast í bókum hennar. Auður vill að konur standi á eigin fótum og séu jafnvígar körlum. En henni fannst samt sem áður gaman að vera öðruvísi en aðrar konur á áttunda áratugnum. Hún kemur út í viðtölum sem og bókum sínum sem svo sjálfstæð og sterk kona sem þarf ekki á neinum að halda. Hún vill því leiðbeina kynsystur sínum og henni finnst þær ættu að taka hana sér til fyrirmyndar.

Í dag eru enn umræður í samfélaginu um jafnrétti milli kynjanna. Umræðan snýst oft á tíðum um það að skilgreina orðið „femínisti“ því margir gera sér ekki grein fyrir merkingu þess. Það eru nefnilega margir sem telja sig vera jafnréttissinna en ekki femínista því að þeim finnst það orð vera merki um öfgar. Það er mjög leiðinlegt að árið 2014 skuli fólk enn vera hrætt við þetta orð og misskilja boðskapinn sem femínistar vilja koma á framfæri. En á heimasíðu Femínistafélags Íslands segir að markmið félagsins sé að efla gagnrýna og femíníska umræðu á öllum sviðum þjóðlífsins og berjast gegn hverskonar birtingarmyndum kynjamisréttis („Löög“, e.d.). Til að berjast gegn kynjamisrétti er hægt að beita ýmsum brögðum. Það er vissulega hægt að nota hómor í baráttunni þannig að baráttan sé ekki þurr og leiðinleg. En það þýðir ekki að fela sig bakvið hómorinn. Skilaboðin verða að vera skýr þannig að árangur náist. Ef skjöldurinn er lagður niður er sá sem hann hefur borið vissulega berskjaldaður en það hlýtur að vera betra að standa eða falla með sínum málstað en að gera hvorugt.

Heimildir

Auður Haralds. (1979). *Hvunndagshetjan*. Reykjavík: Iðunn.

Auður Haralds. (1982). *Hlustið þér á Mozart?* Reykjavík: Iðunn.

Auður Haralds. (1987). *Ung, há, feig og ljóshærð*. Reykjavík: Forlagið.

Ástráður Eysteinnsson. (1999). *Umbrot: bókmenntir og nútími*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Barlow, L. (1992). The androgynous writer. Í J. A. Krentz (ritstjóri), *Dangerous men and adventurous women* (bls. 45–52). Philadelphia: University of Pennsylvania Press.

Barlow, L. og Krentz, J. A. (1992). Beneath the surface. Í J. A. Krentz (ritstjóri), *Dangerous men and adventurous women* (bls. 15–29). Philadelphia: University of Pennsylvania Press.

Dagný Kristjánsdóttir. (2002). Ást á grænu ljósi. *19. júní*, 51, 42–47.

Dagný Kristjánsdóttir. (2002). Ljúft er að láta sig dreyma. *Ritið*, 2(2), 37–53.

Helga Kress. (1977). Um konur og bókmenntir. Í Helga Kress (ritstjóri), *Draumur um veruleika* (bls. 11-35). Reykjavík: Mál og menning.

Inga Ósk Ásgeirsdóttir. (1990). Ung, há, feig og ljóshærð. *Ársrit Torfhildar*, 4, 46–56.

Jón Yngvi Jóhannsson. (2006). „Einkalífið er líka pólitík“. Í Guðmundur Andri Thorsson (ritstjóri), *Íslensk bókmenntasaga V* (5. bindi) (bls. 545–564). Reykjavík: Mál og menning.

- Jón Yngvi Jóhannsson. (2006). Nýtt raunsæi 1971-1983. Í Guðmundur Andri Thorsson (ritstjóri), *Íslensk bókmenntasaga V* (5. bindi) (bls. 535–544). Reykjavík: Mál og menning.
- Jón Yngvi Jóhannsson. (2006). 1983 – Endalok raunsæisins? Í Guðmundur Andri Thorsson (ritstjóri), *Íslensk bókmenntasaga V* (5. bindi) (bls. 581–589). Reykjavík: Mál og menning.
- Kinsale, L. (1992) The androgynous reader. Í J. A. Krentz (ritstjóri), *Dangerous men and adventurous women* (bls. 31–43). Philadelphia: University of Pennsylvania Press.
- Krentz, J. A. (1992). Introduction. Í J. A. Krentz (ritstjóri), *Dangerous men and adventurous women* (bls. 1–9). Philadelphia: University of Pennsylvania Press.
- Krentz, J. A. (1992). Trying to tame the romance. Í J. A. Krentz (ritstjóri), *Dangerous men and adventurous women* (bls. 107–114). Philadelphia: University of Pennsylvania Press.
- Langås, U., Larsson, L. og Richard, A. B. (1997). Ud af naturhistorien, ind i moderniteten. Í E. M. Jensen (aðalritstjóri), *Nordisk kvindelitteratur historie* (4. bindi) (bls. 146–155). Kaupmannahöfn: Munksgaard Rosinante.
- Malek, D. O. (1992). Loved I not honor more. Í J. A. Krentz (ritstjóri), *Dangerous men and adventurous women* (bls. 115–120). Philadelphia: University of Pennsylvania Press.
- Malek, D. O. (1992). Mad, bad, and dangerous to know. Í J. A. Krentz (ritstjóri), *Dangerous men and adventurous women* (bls. 73–80). Philadelphia: University of Pennsylvania Press.
- Malmberg, L. (1997). At skrive sig fri. Í E. M. Jensen (aðalritstjóri), *Nordisk kvindelitteratur historie* (4. bindi) (bls. 173–181). Kaupmannahöfn: Munksgaard Rosinante.

- Modleski, T. (1990). *Loving with a vengeance* (4. útgáfa). New York: Routledge.
- Phillips, S. E. (1992). The romance and the Empowerment of women. Í J. A. Krentz (ritstjóri), *Dangerous men and adventurous women* (bls. 53–59). Philadelphia: University of Pennsylvania Press.
- Radway, J. A. (1991). *Reading the romance* (2. útgáfa). Chapel Hill: The University of North Carolina Press.
- Ramsdell, K. (2012). *Romance fiction: A guide to te genre* (2. útgáfa). Santa Barbara: Libraries unlimited.
- Seidel, K. G. (1992). Judge me by the joy I bring. Í J. A. Krentz (ritstjóri), *Dangerous men and adventurous women* (bls. 159–179). Philadelphia: University of Pennsylvania Press.
- Williamson, P. (1992). By honor bound. Í J. A. Krentz (ritstjóri), *Dangerous men and adventurous women* (bls. 125–132). Philadelphia: University of Pennsylvania Press.
- Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir. (2003). Kyrktar af kvennahreyfingunni? *Mannlíf*, 20(3), 44–48.

Vefheimildir:

- Atli Magnússon. (1982, 15. ágúst). Ævintýri um rosknar vonsviknar konur og eldri menn. Viðtal við Auði Haralds. *Tíminn*. Sótt 26. janúar 2014 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=278717&pageId=4017309&lang=is&q=Au%25F0ur%20Haralds
- Harlequin – a romance for every mood. (e.d.). *Harlequin*. Sótt 2. ágúst 2014 af <http://www.harlequin.com/store.html?cid=233>

Helga Kress. (1979, 1. desember). Það þýðir að berjast. *Dagblaðið*. Sótt 20. janúar 2014 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=228185&pageId=3090015&lang=is&q=Au%25F0ur%20Haralds

Illugi Jökulsson. (1980, 4. desember). Höggvið í sama knérunn. *Vísir*. Sótt 22. janúar 2014 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=251924&pageId=3486901&lang=is&q=Au%25F0ur%20Haralds

Illugi Jökulsson. (1982, 19. desember). Salat. *Tíminn*. Sótt 22. janúar 2014 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=278877&pageId=4020966&lang=is&q=Au%25F0ur%20Haralds%20Au%25F0ur%20Haralds

Ingunn Ásdísardóttir. (1987, 17. desember). Uppskrift að Önnu Deisi. *Helgarpósturinn*. Sótt 23. janúar 2014 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=53961&pageId=988097&lang=is&q=Au%25F0ur%20Haralds

Jóhanna Kristjónsdóttir. (1982, 24. nóvember). Fírring eða fjarstæða? *Morgunblaðið*. Sótt 22. janúar 2014 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=118915&pageId=1565655&lang=is&q=Au%25F0ur%20Haralds

Jóhanna Kristjónsdóttir. (1987, 15. desember). Önnudeisíraunir en lukka að lokum...*Morgunblaðið*. Sótt 23. janúar 2014 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=121546&pageId=1670724&lang=is&q=Au%25F0ur%20Haralds

Jón Viðar Jónsson. (1980, 7. nóvember). Í læknis hendi. *Helgarpósturinn*. Sótt 22. janúar 2014 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=53542&pageId=976259&lang=is&q=Au%25F0ur%20Haralds

- Kjartan Árnason. (1987, 5. desember). Leitið og þér munuð finna eitthvað annað.
Dagblaðið Vísir. Sótt 23. janúar 2014 af
http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=191476&pageId=2537397&lang=is&q=Au%25F0ur%20Haralds
- Lög. (e.d.). *Feministinn*. Sótt 30. júlí 2014 af http://www.feministinn.is/?page_id=4
- Matthías Viðar Sæmundsson. (1982, 9. desember). Lífsflótti í dagdraumum.
Dagblaðið Vísir. Sótt 22. janúar 2014 af
http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=189174&pageId=2470081&lang=is&q=Au%25F0ur%20Haralds
- Óvenjuleg reynslusaga. (1979, 19. nóvember). *Vísir*. Sótt 20. janúar 2014 af
http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=249712&pageId=3409670&lang=is&q=Au%F0ur%20Haralds%20Au%F0ur%20Haralds
- „Sannsöguleg, en lagfærð“. (1980, 24. október). Viðtal við Auði Haralds.
Helgarpósturinn. Sótt 22. janúar 2014 af
http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=53540&pageId=976208&lang=is&q=Au%25F0ur%20Haralds
- „Þessi síðasta bók mín er skömminni skárri en hinar“. (1982, 21. desember). Viðtal við Auði Haralds. *Morgunblaðið*. Sótt 25. janúar af
http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=118960&pageId=1567359&lang=is&q=Au%25F0ur%20Haralds

